

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

604. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 15. júní 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Kosningar:
 - a) Kosning formanns byggðarráðs.
 - b) Kosning varaformanns byggðarráðs.
2. Bréf Vinnumálastofnunar.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 5. júní sl. Beiðni um umsögn.
4. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 9. júní sl. Beiðni um umsögn.
5. Erindi Hestaeigendafélags Hvammstanga.
6. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra.

Afgreiðslur:

1. Fram kom tillaga um Elínu R. Líndal sem formann byggðarráðs og var það samþykkt með 2 atkvæðum. Fram kom tillaga um Guðnýju Helgu Björnsdóttur sem varaformann byggðarráðs og var það samþykkt með 2 atkvæðum.
2. Fram lagt bréf Vinnumálastofnunar þar sem tilkynnt er að umsókn Húnaþings vestra um sérstakt átaksverkefni hafi verið samþykkt. Samþykkt voru 12 störf í 3 mánuði. Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu verkefnisins.
3. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 5. júní 2009, þar sem hann óskar umsagnar skv. ákvæðum 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Jóns F. Snorrasonar f.h. F.H.D. ehf. um leyfi til að reka veiðihús í Laxahvammí í Miðfirði í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 9. júní 2009, þar sem hann óskar umsagnar skv. ákvæðum 10 gr. laga nr. 85/2007 um veitinga- og gististaði, vegna umsóknar Regínu Þórarinsdóttur f.h. Löngufitar um leyfi til að reka veitinga- og gististað á Laugarbakka, eign; 213-3717 í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
5. Lögð fram erindi Hestaeigendafélags Hvammstanga þar sem óskað er heimildar til að nýta land fyrir ofan efri girðinguna ofan við hesthúsaferfið og svæði milli smábýla og Eyrar til hrossabeitar. Byggðarráð samþykkir að óska umsagnar skipulags- og umhverfisráðs á erindunum. Byggðarráð ræddi um nýtingu á ræktuðu og óræktuðu landi í eigu sveitarfélagsins við Hvammstanga. Oddur Sigurðarson lagði fram eftirfarandi bókun: „Fyrir næsta fund óska ég eftir að fá afrit af öllum landleigusamningum sveitarfélagsins sem eru vegna beitar og grastöku. Greinargerð: Ég óska eftir þessu til að fá betri heildarsýn yfir málaflokkinn svo ég geti tekið upplýstari og rökréttari ákvörðun um nýtingu lands sveitarfélagsins.“
6. Byggðarráð samþykkir að taka samþykkt um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra til endurskoðunar. Sérstaklega verði skoðuð 57. gr. samþykktarinnar sem fjallar um nefndir, ráð, stjórnir, kosningar og tilnefningar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Byggðarráð samþykkir að fyrirhugaðri hækkun á afslætti vistunargjalds 5 ára barna á leikskólanum Ásgarði úr 60% í 80% sem taka átti gildi þann 1. september nk. verði frestað um óákveðinn tíma. Heimir Ágústsson situr hjá við afgreiðsluna.
8. Fram lögð umsögn skipulags- og umhverfisráðs á tillögu að aðalskipulagi Borgarbyggðar. Að mati skipulags- og umhverfisráðs og byggðarráðs eru landamerki sveitarfélaganna ekki í samræmi við samkomulag milli Húnaþings vestra og Sjálfseignarstofnunar Arnarvatnsheiðar og Geitlands frá 16. janúar 2002. Sveitarstjóra falið að koma kröfu um leiðréttingu á framfæri við sveitarstjórn Borgarbyggðar.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:10

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:
Oddur Sigurðarson(sign.).